

Reykjavík 1. júní 2016

**Athugasemdir Lyfjanefndar Landspítala við frumvarp til lyfjalaga.**

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til lyfjalaga þingskjal 1105 - 677. mál.  
Lyfjanefnd LSH vill koma eftirfarandi á framfæri:

**41. gr. Lyfjanefnd heilbrigðisstofnana.**

Vegna mikilvægi þess málaflokks sem heyrir undir lyfjanefndir þá teljum við nauðsynlegt að tilgreina þverfaglega samsetningu (hjúkrunarfræði vantar í núverandi drögum) og skilgreina hlutverk og ábyrgð nefndanna betur. Meðal atriði sem þarf að tilgreina eru lyfjastefna stofnunar, lyfjalisti stofnunar og gæðamál er tengjast öryggi og notkun lyfja. Einnig þarf að koma fram það hlutverk sem Lyfjanefnd LSH hefur á landsvísu (umsýsla og ráðgjöf varðandi leyfisskyld lyf o.s.frv.).


Einnig viljum við benda á mikilvægi þess að í lögnum sé tilgreint að við ávísun og umsýslu lyfja verði almennt lyfjaheiti (International Nonproprietary Name) haft til grundvallar. Þetta er mikilvægt til að tryggja heildaryfirsýn, samfellu, öryggi og gæði lyfjameðferða. Við viljum sérstaklega benda á algengi fjöllum lyfjameðferða og tölvustýrðrar lyfjaskömmtnar í þessu samhengi. Í núverandi frumvarpi er takmörkuð umfjöllun um öryggi og gæði þegar kemur að ávísun, endurnýjun og afhendingu lyfja og heildarsýn ekki tryggð milli mismunandi þjónustustiga (sjúkrahús, heilsugæsla, sjálfstætt starfandi lækna, einkarekna heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili).

Fyrir hönd Lyfjanefndar LSH þá lýsum við okkur reiðubúin til að kynna ofangreindar athugasemdir nánar fyrir velferðarnefnd Alþingis og eiga samræðu um Lyfjastefnu til ársins 2020.

f.h. Lyfjanefndar LSH



Áðalsteinn Guðmundsson  
læknir og formaður Lyfjanefndar LSH



Rannveig Einarsdóttir  
klínískur lyfjafræðingur og nefndarmaður